



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 3. fundur stjórnar KLÍ, 2013-2014

Staðsetning: Skrifstofu KLÍ

Hvenær: Fimmtudagur 27.06.2013 kl. 17:30

Þátttakendur: Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) formaður
Höskuldur Höskuldsson (HH)
Heiðar Rafn Sverrisson (HRS)
Jón Grímsson (JG)
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) varamaður
Ingi Geir Sveinsson (IGS)
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður
Karenina Kristín Chiodo (KKC) varamaður

Boðuð forföll:

Fjarverandi:

Fundarritari: HRS

Helstu mál: Fundargerð síðasta fundar. Undirbúningur næsta tímabils. Fréttir frá nefndum. Önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Athugasemd kom fram við síðustu fundargerð þar sem sagt var „Aganefnd“ þegar það átti að vera Mótanefnd. Fundarritari mun senda leiðrétta fundargerð á stjórnarmenn. Ekki komu fram aðrar athugasemdir fundargerðina.

2. Undirbúningur næsta tímabils:

Rætt var um hver staða undirbúnings fyrir næsta keppnistímabil væri og fram kom hjá ÞMP að Andrés væri byrjaður að setja saman dagskrá. Ákveðið að HRS setji sig í samband við mótanefnd og aðstoði hana ef þarf. ÞMP upplýsti að hugsanlega gæti komið til umspils um sæti í 1. deild karla þar sem óljóst er hvort eitt lið frá KFR geti tekið þátt vegna manneklu. Ef til umspils kemur þá verða þeir leikir spilaðir í lok ágúst.

3. Fréttir frá nefndum:

ÞMP fór yfir stöðuna hjá nefndum KLÍ og hvernig gengi að manna þær. Enn vantar nokkra aðila til að taka sæti í nokkrum nefndum og verður unnið að því að manna þær áfram. Mótanefnd er byrjuð sína vinnu og Landsliðsnefnd er að undirbúa mót hjá landsliðum U23 og U17. Dóra hefur verið ráðinn þjálfari fyrir U23 hópinn og Guðmundur Sig. og Nína sem þjálfarar fyrir U17 hópinn.

4. Önnur mál:

Úttekt á Egilshöll:

ÞMP kynnti fyrir fundarmönnum skýrslu sem gerð var eftir úttekt á brautum í Egilshöll og var hún látin ganga meðal fundarmanna, en þar sem hún er vinnuskjal í eigu Keiluhallarinnar þótti ekki rétt að gera hana opinbera án þeirra leyfis, en á næsta ári verður gerð önnur úttekt vegna Evrópumótsins og mun sú skýrsla verða gerð opinber.

Afsögn formanns landsliðsnefndar:

IGS hefur sent stjórn afsagnarbréf þar sem hann segir sig úr Landsliðsnefnd og var hann beðin um að skýra frá ástæðum fyrir afsögninni. IGS lýsti fyrir fundarmönnum þeim ástæðum sem hann taldi sig ekki geta sætt sig við og sæi sér ekki fært að vinna með nefndinni að

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

óbreyttu. Fram kom að IGS reyndi að framfylgja stefnu stjórnar KLÍ í landsliðsmálum og í því ljósi óskaði stjórn KLÍ eftir því að IGS sæti áfram í nefndinni, í það minnsta þar til búið væri að funda með Landsliðsnefnd og mun PMP boða Landsliðsnefnd á fund með stjórn KLÍ í næstu viku til að fara yfir málin.

Fundi slitið 18:50 – til næsta fundar verður boðað í byrjun ágúst.